

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

a) Umsóknargjald	kr. 300,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	— 1 200,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	— 65,00
d) Staðfest afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn	— 90,00
e) Forgangsréttarskjal	— 130,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	kr. 90,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	— 65,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	— 130,00

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.**REGLUGERÐ**

um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr. 520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	— 120,00

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr. 520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	— 120,00

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr. 880,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	— 120,00